

# ÁHUGAFÓLK UM FÉLAG HEIMSPEKIKENNARA

FUNDUR 18. JÚNÍ 2009 KL. 10.00

STOFU 105 Í VERSLUNARSKÓLA ÍSLANDS

FUNDARSTJÓRI: ÁRMANN HALLDÓRSSON

FUNDARGESTIR: ANTON MÁR GYLFASON, BRYNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR (RITARI),  
ERLA BOLLADÓTTIR, INGIMAR Ó. WAAGE, JÓN THORODDSEN, RAGNHEIÐUR  
EIRÍKSDÓTTIR, RÓBERT JACK, ÞÓRDÍS HAUKSDÓTTIR

Tilgangur fundarins er að kanna áhuga á að endurvekja Félag heimspekikennara á öllum skólastigum.

Félag heimspekikennara er til og á kennitölu. Það starfar undir hatti Menntamálaráðuneytis og Kennarasambands Íslands og á rétt á styrkjum þaðan. Guðrún Hólmgeirsdóttir var lengi formaður félagsins og hefur sinnt erindum sem beint hefur verið til þess undanfarin ár. **Sjá meðfylgjandi félagatal, markmið og lög félagsins.**

Þeir sem mættu á fundinn líta á sig sem sjálfskipaða undirbúningsnefnd fyrir aukaaðalfund félagsins haustið 2009. Þau verk sem þarf að vinna fyrir aðalfund eru t.d.:

- boða aukaaðalfund haustið 2009. Ármann mun boða til fundarins sem haldinn verður fimmtudagskvöldið 3. september.
- fara yfir markmið og lög félagsins. Undirbúningsnefndin mun kasta drögum á milli sín í sumar og setja saman tillögur til lagabreytinga sem sendar verða út með fundarboði.
- taka saman félagaskrá og skrá um „hugsanlega áhugasama“. Ármann og Brynhildur vinna í þessu í sumar, gögn tekin saman í excel skjal.
- huga að því að hafa 4 manna stjórn (formaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi) – einn frá hverju skólastigi. Kalla eftir frambjóðendum fyrir aukaaðalfundinn.
- vinnuhópar settir af stað. Róbert Jack býðst til að taka frá húsnæði í Gimli, Háskóla Íslands, fyrir mánaðarlega fundi. Fyrsti fundur verður þar fimmtudaginn 6. ágúst kl. 10.00-12.00 og umræðuefnið þar er *HEI 103 – skipulag og kennsluhættir*.

Hugmyndir að verkefnum sem ný stjórn og félagar þurfa og vilja vinna eru t.d.:

- Peningamál félagsins. Kanna þarf hvernig félagið fær styrki frá ráðuneyti, KÍ og sveitarfélögum. Á félagið peninga? Þarf að gera samning við ráðuneyti? Hvaða styrkir eru í boði? Félagsgjöld?
- Félagaskráin: þarf þarf að vera hægt að skrá sig úr félaginu
- Nafn og logo félagsins: hugmyndasamkeppni um slíkt?
- Setja upp heimasíðu?
- Endurskoða áfangalýsingar framhaldsskólanna í heimspeki
- Hugsa að tengslum við félag lífsleiknikennara og önnur samtök með tengd viðfangsefni

Fundi slitið kl. 13.00